

Alþingi
Erindi nr. P 128/1613
komudagur 10. 3. 2003



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
vt. Einar K. Guðfinnsson, formaður
Alþingi
150 Reykjavík

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
Netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 7. mars 2003

Tilvísun: FEL03030010/41/ÓPÓ

Til umfjöllunar er nú á Alþingi breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt (þingskjal nr. 962 – 601. mál – meðferð á hlutdeildarskírteinum). Vegna þessa vill félagsmálaráðuneytið benda á eftirfarandi atriði sem lagfæra þarf við 69. gr. B og 72. gr. laga tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981. Breyting þessi yrði einungis formlegs eðlis.

Íbúðalánasjóður tók við réttindum og skyldum Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins, sbr. 1. mgr. 53. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998. En efni 1. mgr. 53. gr. laga um húsnæðismál er svohljóðandi:

53. gr. Sameining sjóða.

Við gildistöku laga þessara skulu Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna lagðir niður og sameinaðir. Frá sama tíma tekur Íbúðalánasjóður við hlutverki, réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Réttindi og undanþágur sem Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna njóta samkvæmt gildandi lögum skulu taka til Íbúðalánasjóðs.


Geta má þess að með 34. gr. breytingalaga nr. 133/2001 á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, var farin sú leið að bæta við orðinu Íbúðalánasjóður á eftir Byggingarsjóði ríkisins (varðaði 78. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt). Einnig er hægt að hugsa sér að nafn Íbúðalánasjóðs komi í stað Byggingarsjóðs ríkisins og/eða Byggingarsjóðs verkamanna, svo sem í 5. mgr. 72. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Eftir er að breyta eftirfarandi ákvæðum í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. En þar er einungis minnst á Byggingarsjóðs ríkisins og/eða Byggingarsjóðs verkamanna:

1. 2. mgr. 69. gr. B er fjallar um vaxtabætur (vaxtagjöld),
2. 5. mgr. 69. gr. B er fjallar um vaxtabætur (eignarhald),
3. 5. mgr. 72. gr. er fjallar um undanþágur frá fjármagnstekjuskatti.

Óskað er eftir því að efni þessa bréfs verði annaðhvort haft í huga við afgreiðslu á þingmáli 601 (þingskjal nr. 962) á breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt eða að ábendingar þessar verði varðveittar og hafðar í huga við breytingar á lögnum á næsta löggjafarþingi.

F. h. r.



Samrit sent: Fjármálaráðuneyti, Tekju- og lagaskrifstofa,
vt. Maríanna Jónasdóttir skrifstofustjóri, Arnarhváli, 150 Reykjavík.